



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 3. september 2020

USK2020090017

UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins varðandi rekstraraðila á Laugaveginum (US200307).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 2. september sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins:

Mikil óvissa er uppi hjá rekstraraðilum í miðbænum og jafnframt þeim sem jafnvel huga að rekstri á þessu svæði hvað varðar lokun fyrir bílaumferð. Þegar ákvörðun var tekin í vor voru ekki gefnar haldbærar upplýsingar um hvað tæki við eftir 1. október og svörin voru mjög loðin.

- 1. Hvaða áform eru uppi frá og með 1. október nk. hvað varðar lokun Laugavegarins og annara gatna í miðbænum fyrir bílaumferð?*
- 2. Hvenær er ákvörðunar að vænta hvort svæðið verði lokað eða opið fyrir bílum?*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar þann sama dag.

Svar við fyrirspurn:

Unnið er að deiliskipulagi fyrir 2. áfanga Laugavegs sem göngugötu. Stefnt er að kynningu á vinnu við skipulagið og þeim drögum sem nú þegar liggja fyrir, í september. Eins er stefnt að því þær götur sem nú eru tímabundnar göngugötur verði það áfram til 1. maí 2021 eða þar til nýtt deiliskipulag tekur gildi.

Þorsteinn R. Hermannsson
samgöngustjóri